Reykjavík, apríl 2011

MEXT
Styrkur til náms í Japan (framhaldsnám á háskólastigi)

Ríkisstjórn og menntamálaráðuneyti Japans (MEXT) bjóða fram styrki handa íslenskum ríkisborgurum til rannsóknarnáms á framhaldsstigi í Japan.

Hvor styrkur verður í boði frá og með ýmist apríl eða október 2012. Þeir sem hefja nám í apríl, munu halda styrknum í tvö ár, á meðan þeir sem hefja nám í október, munu halda styrknum í 18 mánuði.

Ríkisstjórn Japans sér fyrir flugfari báðar leiðir, skólagjöldum og mánaðarlegum styrkgreiðslum. Samkvæmt fjárlögum fyrir 2011 verður mánaðarlegur styrkur 150.000 yen. (Þessi fjárhæð kann að breytast.)

Þeir sem eru fæddir 2. apríl 1977, eða seinna, og hafa lokið grunnnámi í háskóla þegar styrktímabilið hefst eru gjaldgengir til að sækja um MEXT rannsóknarnámsstyrkinn. Umsækjendur verða að sækja um í áframhaldandi nám af þeim toga sem þeir hafa þegar lokið, eða skyldum fögum.

Fög, svo sem hefðbundin leiklist og sértæk menningartengd fög, sem alla jafnan eru ekki kennd við japanska háskóla eru ekki styrkhæf, nema að viðkomandi háskóli hafi þegar tryggt inngöngu. Lesa má frekar um skilmála styrksins í leiðarvísi á netinu (sjá neðar).

Athugið að umsóknarkerfi MEXT fyrir nemendur á framhaldsstigi hefur breyst frá því sem var á fyrri árum. Það er grundvallaratriði að umsækjendur hafi leitað uppi viðeigandi háskóla í Japan þar sem þeir geta sinnt rannsókn/námi sínu og að þessir háskólar séu upptaldir í viðhengisskjali (Attachment form) umsóknarinnar þegar henni er skilað inn til sendiráðsins. Gert er ráð fyrir að umsækjendur sem standast forval sendiráðsins munu sjálfir vera í sambandi við háskólana á viðhengisskjali þeirra og reyni að öðlast inngöngu í þá. Eftirfarandi vefsíðu er hægt að nota við leit að háskólum í Japan: Directory Database of Research and Development Activities: http://read.jst.go.jp/index_e.html

Umsækjendur verða að vera að vel á sig komnir, líkamlega og andlega, auk þess að hafa áhuga á að læra japönsku. Ætlast er til þess að styrkþegar verði komnir til Japans milli 1. og 7. apríl 2012, eða innan tveggja vikna frá því að viðkomandi háskóli hefur kennslu á önninni.

Umsjón með forvali verður í höndum Sendiráðs Japans á Íslandi í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti Íslands. Umsóknir þeirra sem tilnefndir eru í forvali verða svo áframsendar til MEXT í Japan þar sem endanleg ákvörðun verður tekin.

Leiðarvísi með umsókn og eyðublöð má nálgast á slóðinni:
http://www.studyjapan.go.jp/en/toj/toj0307e.html#1

Útfylltum umsóknum skal skila **eigi síðar en föstudaginn 1. júlí 2011** til Sendiráðs Japans við Laugaveg 182, 6. hæð, 105 Reykjavík. Ekki verður tekið við umsóknum sem ekki eru fullkláraðar eða sem skilað er inn seint. Allir umsækjendur sem teljast hæfir verða boðaðir í viðtal, auk skriflegs prófs í japönsku og/eða ensku hjá sendiráðinu í **júlí 2011**.

Allar frekari upplýsingar eru veittar hjá:
Sendiráði Japans á Íslandi
Sími: 510-8600 Fax: 510-8605
Tölvupóstur: japan@itn.is
Heimasíða: http://www.is.emb-japan.go.jp/